

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/680

2019/EES/86/03

frá 2. maí 2018

um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna hreingerningaþjónustu innanhúss

(tilkynnt með númeri C(2018) 2503) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er mælt fyrir um reglur varðandi stofnun valfrjálsa kerfisins um veitingu umhverfismerkis ESB og beitingu þess, með því markmiði að hvetja til notkunar vara sem eru afar vistvænar.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 3) Tillagan um að þróa viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hreingerningaþjónustu innanhúss var lögð fram af fulltrúum iðnaðarins úr geira hreingerninga í atvinnuskyni. Á þeim grundvelli hóf og stýrði framkvæmdastjórnin þróun slíkra viðmiðana.
- 4) Rétt þykir að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna hreingerningaþjónustu innanhúss í því skyni að hvetja til notkunar hreingerningavara og fylgihluta sem hafa lítil umhverfisáhrif, að þjálfa starfsfólk í umhverfismálum, grundvallarþáttum umhverfisstjórnunarkerfis og réttri flokkun sorps.
- 5) Viðmiðanirnar fyrir umhverfismerki ESB sem settar eru vegna hreingerningaþjónustu innanhúss og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar ættu að gilda í fimm ár frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks.
- 6) Kóði sem samsvarar vöruflokknum er óaðskiljanlegur hluti af skráningarnúmerum umhverfismerkis ESB. Til að þar til bærir aðilar geti úthlutað skráningarnúmeri umhverfismerkis ESB til hreingerningaþjónusta innanhúss sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir umhverfismerki ESB þarf að úthluta viðkomandi vöruflokki kóða.
- 7) Ákvæði þessarar ákvörðunar eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var komið á fót skv. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Vöruflokkurinn „hreingerningaþjónusta innanhúss“ skal ná yfir veitingu reglubundinnar hreingerningaþjónustu í atvinnuskyni sem fer fram innanhúss í atvinnuhúsnæði, á stofnunum og í öðru húsnæði sem er aðgengilegt almenningi og á einkaheimilum. Svæði þar sem hreingerningaþjónusta fer fram geta falið í sér, en takmarkast þó ekki við, skrifstofurými, hreinlætisaðstöðu og sjúkrahússvæði sem eru algengileg almenningi, s.s. ganga, biðstofur og hvíldarherbergi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

2. Hann skal einnig ná yfir hreinsun á yfirborðsflötum úr gleri sem hægt er að ná til án sérhæfðs búnaðar eða sérhæfðra véla.
3. Þessi vöruflokkur skal ekki ná yfir sótthreinsun eða hreingerningaþjónustu sem fer fram á framleiðslustöðum eða yfir starfsemi þar sem viðskiptavinur leggur til hreingerningavörur.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „reglubundin hreingerningaþjónusta í atvinnuskyni“: hreingerningaþjónusta í atvinnuskyni sem er veitt a.m.k. einu sinni í mánuði, að undanskilinni hreinsun á gleri sem telst reglubundin ef hún er framkvæmd a.m.k. á þriggja mánaða fresti,
- 2) „óþynntar hreingerningavörur“: vörur sem þarf að þynna fyrir notkun, með þynningarhlutfalli sem er a.m.k. 1:100,
- 3) „fylgihlutir til hreingerninga“: endurnotanlegar hreingerningavörur eins og klútar, moppur og vatnsfötur.
- 4) „örtrefjar“: gervitrefjar sem eru þynnri en eitt denier eða desítex/þráð,
- 5) „athafnasvæði umsækjanda“: húsnæðið þar sem umsækjandi sinnir stjórnunar- og skipulagsverkefnum sem tengjast starfsemi hans,
- 6) „hreingerningaverkefni innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB“: verkefni sem starfsfólk innir af hendi sem hluti reglubundinnar hreingerningaþjónustu í atvinnuskyni.

3. gr.

1. Þjónusta skal falla undir vöruflokkinn „hreingerningaþjónusta innanhúss“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, til þess að henni sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 og skal uppfylla tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun auk eftirfarandi skilyrða:

- a) hún uppfyllir allar skyldubundnar viðmiðanir sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun,
- b) hún uppfyllir nægilega mörg þeirra valkvæðu skilyrða sem sett eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun til að ná a.m.k. 14 stigum,
- c) hún heyrir undir bókhald sem er aðskilið annarri þjónustu sem sami rekstraraðili veitir og fellur ekki undir gildissvið þessarar ákvörðunar, þ.m.t. önnur hreingerningaþjónusta innanhúss sem uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í þessari ákvörðun.

2. Rekstraraðili sem hefur hlotið umhverfismerki ESB fyrir hreingerningaþjónustu innanhúss skal ekki veita aðra þjónustu sem fellur ekki undir umhverfismerki ESB, nema undirdeild, dótturfélag, útibú eða deild rekstraraðilans, sem er skýrt aðgreind frá rekstraraðilanum og heldur aðskilið bókhald, annist hreingerningaþjónustuna innanhúss sem fellur undir umhverfismerki ESB.

Öll önnur þjónusta sem sá rekstraraðili veitir sem fellur utan gildissviðs þessarar ákvörðunar, þ.m.t. önnur hreingerningaþjónusta innanhúss sem uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í þessari ákvörðun, skal ekki falla undir leyfið fyrir umhverfismerki ESB fyrir hreingerningaþjónustu innanhúss og skal ekki markaðssett sem slík.

3. Ef rekstraraðili sem hefur hlotið umhverfismerki ESB fyrir hreingerningaþjónustu innanhúss notar undirverktaka til að veita slíka þjónustu þurfa þeir einnig að hafa leyfi fyrir umhverfismerki ESB fyrir hreingerningaþjónustu innanhúss.

4. gr.

Viðmiðanir fyrir vöruflokkinn „hreingerningaþjónusta innanhúss“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fimm ár frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „052“ notað fyrir vöruflokkinn „hreingeringaþjónusta innanhúss“.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

**VIÐMIÐANIR OG KRÖFUR UM MAT OG SANNPÓFUND VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB FYRIR VÖRUFLOKKINN
„HREINGERNINGAÞJÓNUSTA INNANHÚSS“**

RAMMI

VIÐMIÐANIR

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir vöruflokkinn hreingerningaþjónusta innanhúss:

Skyldubundnar viðmiðanir

Viðmiðun M1: Notkun á hreingerningavörum sem hafa lítil umhverfisáhrif

Viðmiðun M2: Skömmun hreingerningavara

Viðmiðun M3: Notkun á vörum úr örtrefjum

Viðmiðun M4: Þjálfun starfsfólks

Viðmiðun M5: Grunnur umhverfisstjórnunarkerfis

Viðmiðun M6: Flokkun fasts úrgangs á athafnasvæði umsækjanda

Viðmiðun M7: Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Valkvæðar viðmiðanir

Viðmiðun O1: Mikil notkun á hreingerningavörum sem hafa lítil umhverfisáhrif (allt að 3 stig)

Viðmiðun O2: Notkun á þykktum, óþynntum hreingerningavörum (allt að 3 stig)

Viðmiðun O3: Mikil notkun á vörum úr örtrefjum (allt að 3 stig)

Viðmiðun O4: Notkun á hreingerningafylgihlutum sem hafa lítil umhverfisáhrif (allt að 4 stig)

Viðmiðun O5: Orkunýtni ryksuga (3 stig)

Viðmiðun O6: Skráning þjónustuaðilans í umhverfisstjórnunarkerfi ESB eða vottun samkvæmt ISO 14001 (allt að 5 stig)

Viðmiðun O7: Meðhöndlun fasts úrgangs á hreingerningastöðunum (2 stig)

Viðmiðun O8: Gæði þjónustunnar (allt að 3 stig)

Viðmiðun O9: Farartækjafloki sem umsækjandi á eða leigir (allt að 5 stig)

Viðmiðun O10: Hagkvæmni þvottavéla sem umsækjandinn á eða leigir (allt að 4 stig)

Viðmiðun O11: Þjónusta með umhverfismerki og aðrar vörur með umhverfismerki (allt að 5 stig)

Viðmiðun O12: Rekstrarvörur og rafmagnshandþurrkarar sem eru látin viðskiptavinum í té (allt að 3 stig)

MAT OG SANNPÓFUND

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, greiningar, prófunarskýrslur eða annað til sönnunar á samræmi við viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirverktökum hans.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna staðfestingar sem eru gefnar út af aðilum sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir prófunar- og kvörðunarstofur og sannprófaðar af aðilum sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu. Faggildingar skulu fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽¹⁾.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

Upplýsingar sem fást úr umhverfisyfirlýsingum sem lagðar eru fram samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ⁽¹⁾ má nota sem sönnun í stað staðfestinganna sem tilgreindar voru í málsgreininni hér á undan.

Heimilt er að nota aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bærir aðilinn sem metur umsóknina fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Þar til bærir aðilar geta krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Áður en leyfið er veitt skulu þar til bærir aðilar fara í vettvangsheimsókn á athafnasvæði umsækjanda og a.m.k. eina vettvangsheimsókn á hreingerningastaðinn meðan hreingerningaþjónustan er veitt.

Eftir að umsækjandanum hefur verið veitt leyfi fyrir umhverfismerki ESB skal hann leggja fram skrá yfir staðina þar sem hann veitir hreingerningaþjónustu með umhverfismerki ESB með reglulegu millibili fyrir þar til bærar aðila og tilgreinda fyrsta og síðasta dag starfseminnar fyrir hvern stað. Ekki skal líða lengri tími milli tilkynninga um nýja hreingerningastaði en fjórir mánuðir nema umsækjandinn hafi ekki gert nýja samninga. Þar til bær aðili getur farið í reglulegar vettvangsheimsóknir til eftirfylgni á athafnasvæði umsækjanda, eða á hreingerningastað, meðan á gildistíma leyfisins stendur.

Skilyrði er að þjónustan uppfylli öll lagaskilyrði landsins eða landanna þar sem „hreingerningaþjónusta innanhúss“ er veitt. Einkum skal fyrirtækið vera í rekstri og skráð samkvæmt landslögum eða staðbundnum lögum og starfsfólk þess vera löglega ráðið og tryggt. Í því skyni skal starfsfólk vera með lögmatan skriflegan samning í samræmi við landslög, fá a.m.k. landsbundin eða svæðisbundin lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum eða, ef kjarasamningar eru ekki fyrir hendi, a.m.k. landsbundin eða svæðisbundin lágmarkslaun og vinnustundir þess skulu vera í samræmi við landslög.

Umsækjandinn skal lýsa yfir og sýna fram á að þjónustan uppfylli þær kröfur með því að nota óháða sannpröfun eða skjalfesta sönnun með fyrirvara um landslög um gagnavernd (t.d. afrit af skriflegri félagsmálastefnu, afrit af samningum, yfirlýsingar um skráningu starfsfólks í landsbundna tryggingarkerfið, opinber skjöl/skrá með nöfnum og fjölda starfsfólks frá vinnueftirliti viðkomandi sveitarfélags eða fulltrúa þess).

Þar til bærir aðilar mega taka viðtöl við starfsfólk valið af handahófi í vettvangsheimsóknum sínum.

SKYLDUBUNDNAR VIÐMIÐANIR

Viðmiðun M1 — Notkun á hreingerningavörum sem hafa lítil umhverfisáhrif

Undir þessa viðmiðun falla eingöngu vörur sem eru notaðar beint við hreingerningaverkefni innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB. Umsækjandinn skal uppfylla bæði viðmiðun M1 a) og M1 b).

M1 a) Vörur með umhverfismerki ESB og aðrar vörur með merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli

Minnst 50% af keyptu rúmmáli allra hreingerningavara sem eru notaðar á ári, að undanskildum blautþurrkum, öðrum forvættum vörum og vörum sem eru notaðar við gegndreypingu og vörn moppa (í þvottaferlinu) skulu hafa hlotið umhverfismerki ESB fyrir hreingerningavörur fyrir hörð yfirborð í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1217 ⁽²⁾ eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum.

Mat og sannpröfun

Umsækjandinn skal leggja fram ársöggn (verslunarheiti og magn vara) og skjöl (þ.m.t. viðeigandi reikninga eða birgðaskrár staða) þar sem tilgreindar eru þær hreingerningavörur sem notaðar eru í öllum samningunum um hreingerningaþjónustu innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB. Ef vörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB og/eða merkimiða á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun (ESB) 2017/1217.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (Stjútíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1217 frá 23. júní 2017 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna hreingerningavara fyrir hörð yfirborð (Stjútíð. ESB L 180, 12.7.2017, bls. 45).

Ef notaðar eru aðrar vörur með merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu um merki af gerð I og/eða afrit af merkinu á umbúðunum.

M1b) Hættuleg efni

- i. Allar vörur sem ekki hafa hlotið umhverfismerki ESB fyrir hreingerningavörur fyrir hörð yfirborð eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum skulu ekki innihalda efni sem eru skráð undir i. lið a-liðar 4. viðmiðunar fyrir umhverfismerki ESB fyrir hreingerningavörur fyrir hörð yfirborð, án tillits til styrkleika.
- ii. Allar vörur sem ekki hafa hlotið umhverfismerki ESB fyrir hreingerningavörur fyrir hörð yfirborð eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum skulu ekki innihalda efni sem eru skráð undir ii. lið a-liðar 4. viðmiðunar fyrir umhverfismerki ESB fyrir hreingerningavörur fyrir hörð yfirborð í magni sem fer yfir það sem leyft er í þeirri viðmiðun.
- iii. Allar vörur sem ekki hafa hlotið umhverfismerki ESB fyrir hreingerningavörur fyrir hörð yfirborð eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum skulu ekki flokkaðar og merktar sem vörur sem valda bráðum eiturrhifum, hafa sértæk eiturrhif á marklíffæri, eru öndunarfæra- eða húðnæmar, krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturrhif á æxlun eða eru hættulegar fyrir umhverfið í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽¹⁾ og túlkun í samræmi við hættusetningar sem eru skráðar í töflunni hér á eftir.

Blautþurrkur og aðrar forvættar vörur skulu vera í samræmi við þessa kröfu.

Takmarkandi hættuflokkarnir og undirflokkun þeirra

Bráð eiturrhif	
1. og 2. undirflokkur	3. undirflokkur
H300 Banvænt við inntöku	H301 Eitrað við inntöku
H310 Banvænt í snertingu við húð	H311 Eitrað í snertingu við húð
H330 Banvænt við innöndun	H331 Eitrað við innöndun
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	ESB-H070 Eitrað í snertingu við augu
Sértæk eiturrhif á marklíffæri	
1. undirflokkur	2. undirflokkur
H370 Skaðar líffæri	H371 Getur skaðað líffæri
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
Næming öndunarfæra og húðnæming	
Undirflokkur 1A	Undirflokkur 1B
H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H334 Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunar-erfiðleikum við innöndun	H334 Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun

(¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtd. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

Krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhif á æxlun	
Undirflokkur 1A, 1B	2. undirflokkur
H340 Getur valdið erfðagöllum	H341 Grunað um að valda erfðagöllum
H350 Getur valdið krabbameini	H351 Grunað um að valda krabbameini
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi. Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H362 Getur skaðað börn á brjósti
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	
Hættulegt fyrir vatnsumhverfi	
1. og 2. undirflokkur	3. og 4. undirflokkur
H400 Mjög eitrað lífi í vatni	H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H413 Getur valdið langvinnnum áhrifum á líf í vatni
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	
Hættulegt ósonlaginu	
H420 Hættulegt ósonlaginu	

Mat og sannprófun:

Liður i. og ii.: umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu sem er studd yfirlýsingum frá birgjum þar sem staðfest er að efnasamsetning vörunnar innihaldi ekki skráðu efnin, án tillits til styrks eða yfir tilteknum mörkum.

Liður iii.: umsækjandinn skal leggja fram samræmisýfirlýsingu sem er studd öryggisblöðum fyrir allar vörur sem hafa ekki hlotið umhverfismerki ESB fyrir hreingerningavörur fyrir hörð yfirborð eða annað merki af gerð I samkvæmt ISO staðli.

Viðmiðun M2 — Skömmtun hreingerningavara

Starfsfólk sem innir af hendi hreingerningaverkefni samkvæmt umhverfismerki ESB skal hafa aðgang að viðeigandi skömmtunar- og þýningarbúnaði fyrir hreingerningavörurnar sem notaðar eru (t.d. sjálfsölum, mælingarglösum/-lokum, handdælum, úðurum), annað hvort á hreingerningastaðnum eða athafnasvæði umsækjandans. Þau skulu einnig hafa aðgang að samsvarandi leiðbeiningum um rétta skömmtun og þýningu.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal láta þessari viðmiðun fylgja samræmisýfirlýsingu sem er studd skrá yfir búnaðinn sem er látinn í té og viðeigandi gögnum sem sýna leiðbeiningarnar sem ræstingafólkið fær um rétta skömmtun og þýningu.

Viðmiðun M3 — Notkun á vörum úr örtrefjum

Undir þessa viðmiðun falla eingöngu margnota hreingerningafylgihlutir úr textílefni sem eru notaðir beint við hreingerningaverkefni innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB.

Minnst 50% þeirra hreingerningafylgihluta úr textílefni (t.d. klútar, moppur) sem eru notaðir árlega skulu vera framleiddir úr örtrefjum.

Mat og samprófun

Umsækjandinn skal leggja fram ársöggn (tegund og magn vara) og skjöl (þ.m.t. viðeigandi reikninga eða birgðaskrár staða) þar sem tilgreindir eru hreingerningafylgihlutir úr textílefni sem notaðir eru og tiltekið hverjir þeirra eru gerðir úr örtrefjum.

Viðmiðun M4 — Þjálfun starfsfólks

Umsækjandinn skal gera ræstingafólkinu sem sinnir hreingerningastarfi innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB og stjórnendunum sem hafa yfirumsjón með því starfi aðgengilegar upplýsingar, þ.m.t. skriflegar verklagsreglur eða handbækur, auk þess að veita þeim starfsþjálfun. Starfsþjálfunin skal ná yfir eftirfarandi svið ef þau eiga við verkefni sem starfsfólkið sinnir:

- Starfsfólki skal gerð grein fyrir því hvað umhverfismerki ESB er og hvaða áhrif það hefur fyrir hreingerningaþjónustuna.

Hreingerningavörur:

- Starfsfólk skal þjálfað í að nota réttan skammt af vöru fyrir hvert hreingerningaverkefni.
- Starfsfólk skal þjálfað í að nota rétta þynningarhlutfallið fyrir óþynntar hreingerningavörur og að nota skömmtunarbúnaðinn sem við á.
- Starfsfólk skal þjálfað í því hvernig á að geyma hreingerningavörur á viðeigandi hátt.
- Þjálfunin skal ná yfir að lágmarka fjölda hreingerningavara sem notaðar eru til að lágmarka áhættuna á ofnotkun og rangri notkun á hreingerningavörunum.

Orkusparnað:

- Starfsfólk skal þjálfað í að nota óhitað vatn til að þynna vörur nema annað sé tekið fram af framleiðanda vörunnar.
- Eftir því sem við á skal þjálfá starfsfólk í að nota viðeigandi kerfi og hitastig fyrir þvottavélar, bæði til iðnaðar- og heimilisnota.
- Eftir því sem við á skal þjálfá starfsfólk í að slökkva ljós eftir að það lýkur verkefnum sínum.

Sparnað á vatni:

- Starfsfólk skal þjálfað í að nota vörur úr örtrefjum, eftir því sem við á, til að lágmarka notkun vatns og hreingerningavara.

Úrgang:

- Starfsfólk skal þjálfað í að nota endingargóða og endurnotanlega hreingerningafylgihluti og lágmarka notkun einnota ræstingavara (t.d. hanska) ef með því er ekki slakað á kröfum um öryggi starfsfólks og hollustuhætti.
- Starfsfólk skal þjálfað í að losa skólp með réttum hætti.
- Starfsfólk skal fá sérstaka þjálfun í úrgangsstjórnun til að gera því kleift að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í viðmiðun M6 og viðmiðun O7, eftir atvikum. Starfsþjálfun skal ná yfir meðhöndlun fasts úrgangs bæði á athafnasvæði fyrirtækisins og á hreingerningastöðunum.

Heilbrigði og öryggi:

- Starfsfólk skal upplýst um heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismál í tengslum við hreingerningaverkefni og hvatt til að tileinka sér bestu starfsvenjur. Þetta skal taka til upplýsinga um:
 - öryggisblöð og meðhöndlun íðefna,

- vinnuvistfræði og gildandi landsbundna löggjöf um heilbrigði og öryggi starfsfólks,
- fjarlægingu, hreinsun og geymslu endurnotanlegra hanska (ef við á) og
- umferðaröryggi og vistakstur (gildir um umsækjendur sem eru með eigið starfsfólk sem ber ábyrgð á akstri við veitingu hreingerningaþjónustunnar).

Allt nýtt fastráðið starfsfólk og fólk í tímabundnu starfi skal fá viðeigandi þjálfun innan sex vikna frá ráðningu. Starfsfólk skal fá upprifjun á öllum atriðum sem sett eru fram í þessari viðmiðun minnst einu sinni á ári. Þó að þessi upprifjun þurfi ekki að vera endurtekning á grunnþjálfuninni sem allt starfsfólk fær skal hún ná yfir öll umhverfismál sem eru talin upp og það skal tryggt að viðkomandi starfsfólk geri sér fulla grein fyrir ábyrgð sinni.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun sem er studd árlegum upplýsingum um starfsþjálfunaráætlunina (dagsetning og tegund – grunnþjálfun eða upprifjun), inntak hennar og upplýsingum um hvaða starfsfólk hefur fengið þjálfunina. Umsækjandinn skal einnig leggja fram afrit af verklagsreglum og tilkynningum til starfsfólks um öll atriði varðandi starfsþjálfun. Dagsetningar og tegund þjálfunar starfsfólks skulu skráðar sem sönnun þess að upprifjunin hafi farið fram.

Ef boðið er upp á þjálfunarnámskeið sem hluta utanaðkomandi þjálfunaráætlunar má leggja fram gögn sem sýna fram á þáttöku (t.d. vottorð um þjálfun) og upplýsingar um inntak þjálfunarinnar sem sönnun fyrir reglufylgni svo fremi sem hún nær yfir atriðin sem falla undir þessa viðmiðun.

Ef fyrirtæki tekur við starfsfólki, til langs tíma eða tímabundið, frá öðrum hreingerningaþjónustuveitanda og ef starfsfólkið hefur fengið þjálfun á undangengnu ári er ekki krafist endurþjálfunar svo fremi sem lögð eru fram gögn sem sýna fram á þáttöku í þjálfunaráætlun (t.d. vottorð um þjálfun) og þjálfunatriðin sem farið var yfir.

Viðmiðun M5 — Grunnur umhverfisstjórnunarkerfis

Umsækjandinn skal hafa tiltækt það sem þarf, að lágmarki, vegna grunnkrafanna fyrir umhverfisstjórnunarkerfið með því að innleiða eftirfarandi:

- *Umhverfisstefnu* með tilgreiningu á helstu beinu og óbeinu umhverfisáhrifum og stefnu fyrirtækisins varðandi þessi áhrif.
- Nákvæma *aðgerðaáætlun* sem tryggir að farið sé eftir umhverfisstefnu fyrirtækisins í þeirri þjónustu sem veitt er. Í aðgerðaáætluninni skulu einnig fastsett markmið um árangur í umhverfismálum vegna notkunar tilfanga (t.d. að draga úr magni hreingerningavara sem notaðar eru) og aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum. Markmiðasetning og aðgerðir skulu studd gagnaöflun um notkun tilfanga og aðra umhverfisþætti (t.d. myndun úrgangs).
- *Innra matsferli* sem skal fara fram á hverju ári til að bera frammistöðu fyrirtækisins saman við markmiðin sem sett eru fram í aðgerðaáætluninni. Stjórn fyrirtækisins skal nota niðurstöður úr matinu til að bæta stöðugt árangur með því að uppfæra umhverfisstefnuna og aðgerðaáætlunina.

Umhverfisstefnan og árangur fyrirtækisins að því er varðar settu markmiðin skulu vera aðgengileg almenningi á athafnasvæði umsækjandans.

Hafa skal hliðsjón af athugasemdum og endurgjöf viðskiptavina sem er safnað með spurningalistum eða gátlistum.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt, studda afriti af umhverfisstefnunni, aðgerðaáætluninni, matsskýrslunni og verklagsreglum sem er komið á til að höfð sé hliðsjón af athugasemdum og endurgjöf viðskiptavina. Matsskýrslan skal innihalda skrá yfir allar aðgerðir til úrbóta sem gripið er til og skal hún gerð þar til bæra aðilanum aðgengileg sem fyrst eftir umsóknardaginn um umhverfismerki ESB. Leggja skal fram uppfærð gögn að fenginni beiðni þar til bæra aðilans til að sýna fram á samræmi á meðan á gildistíma leyfisins stendur.

Umsækjendur sem eru skráðir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og/eða hafa vottun samkvæmt ISO 14001 og umsækjendur sem eru hluti af stofnun sem er skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og/eða hefur vottun samkvæmt ISO 14001 teljast hafa uppfyllt þessa viðmiðun ef þeir leggja fram skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB og/eða vottorð samkvæmt ISO 14001 sem sönnun fyrir reglufylgni.

Viðmiðun M6 — Flokkun fasts úrgangs á athafnasvæði umsækjanda

Þessi viðmiðun nær eingöngu yfir úrgang sem myndast á athafnasvæði umsækjandans.

Umsækjandinn skal sjá til þess að starfsfólk geti flokkað fastan úrgang sem myndast á athafnasvæðinu í viðeigandi flokka úrgangsstraums til að hægt sé að senda hann í meðhöndlun (t.d. endurvinnslu, brennslu) eða til förgunar í samræmi við staðbundnar eða landsbundnar venjur og stöðvar fyrir meðhöndlun úrgangs.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram samræmisýfirlýsingu sem studd er lýsingu á mismunandi flokkum fasts úrgangs sem safnað er og flokkað á athafnasvæði hans. Einnig skal leggja fram tilgreiningu á hinum mismunandi straumum fasts úrgangs sem staðaryfirvöld og/eða einkaaðilar (samkvæmt viðeigandi samningum) samþykka til frekari meðhöndlunar eða förgunar.

Viðmiðun M7 — Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Viðmiðunarreglur framkvæmdastjórnarinnar um notkun á valkvæða merkimiðanum með textareitnum má finna á vefsetrinu: http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/logo_guidelines.pdf

Á valkvæða merkimiðanum með textareitnum skal vera eftirfarandi texti:

„[stjórnandi í skilningi 2. mgr. 3. gr.] gerir virkar ráðstafanir til að veita hreingerningaþjónustu innanhúss með minni umhverfisáhrifum með:

- notkun á hreingerningavörum með umhverfismerki,
- sértækri þjálfun starfsfólks,
- umhverfisstjórnunarkerfi.“

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt þar sem útskýrt er hvernig merkið verður sýnt.

VALKVÆÐAR VIÐMIÐANIR**Viðmiðun O1 — Mikil notkun á hreingerningavörum sem hafa lítil umhverfisáhrif (allt að 3 stig)**

Undir þessa viðmiðun falla eingöngu vörur sem eru notaðar beint við hreingerningaverkefni innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB.

Umsækjandinn vinnur sér inn stig á grundvelli hlutfalls keypts rúmmáls allra hreingerningavara sem eru notaðar á ári, að undanskildum blautþurrkum og öðrum forvættum vörum, sem hafa hlotið umhverfismerki ESB fyrir hreingerningavörur fyrir hörð yfirborð eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum samkvæmt eftirfarandi:

- Að minnsta kosti 65%: 1 stig
- Að minnsta kosti 75%: 2 stig
- Að minnsta kosti 95%: 3 stig

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram ársöggn (verslunarheiti og magn vara) og skjöl (þ.m.t. viðeigandi reikninga eða birgðaskrár staða) þar sem tilgreindar eru þær hreingerningavörur sem notaðar eru í öllum samningunum um hreingerningáþjónustu innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB. Ef vörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB og/eða merkimiða á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun (ESB) 2017/1217. Ef notaðar eru aðrar vörur með merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu um merki af gerð I og/eða afrit af merkinu á umbúðunum.

Viðmiðun O2 — Notkun á þykktum, óþynntum hreingerningavörum (allt að 3 stig)

Undir þessa viðmiðun falla eingöngu vörur sem eru notaðar beint við hreingerningaverkefni innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB.

Umsækjandinn vinnur sér inn stig á grundvelli hlutfalls keypts rúmmáls allra hreingerningavara sem eru notaðar á ári, að undanskildum blautþurrkum, öðrum forvættum vörum og vörum til notkunar við gegndreypingu og vörn moppa (í þvottaferlinu) með lágmarksþynningarhlutfall sem nemur 1:100 á samkvæmt eftirfarandi:

- Að minnsta kosti 15%: 1 stig
- Að minnsta kosti 30%: 2 stig
- Að minnsta kosti 50%: 3 stig

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram árgögn (verslunarheiti og magn vara) og skjöl (þ.m.t. viðeigandi reikninga eða birgðaskrár staða) þar sem tilgreindar eru þær hreingerningavörur sem notaðar eru. Gögn um þynningarhlutfallið sem notað er skulu fylgja öllum vörum (öryggisblöð, notendaleiðbeiningar eða önnur viðeigandi gögn). Ef hægt er að nota tiltekna vöru í mörgum þynningarhlutföllum skal tilgreina þynningarhlutfallið sem er algengast eins og fram kemur í leiðbeiningum fyrirtækisins fyrir sitt starfsfólk. Þynningarhlutfall fyrir vörur sem eru tilbúnar til notkunar skal gefið upp sem einn á móti einum.

Viðmiðun O3 — Mikil notkun á vörum úr örtrefjum (allt að 3 stig)

Undir þessa viðmiðun falla eingöngu margnota hreingerningafylgihlutir úr textílefni sem eru notaðir beint við hreingerningaverkefni innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB.

Umsækjandinn vinnur sér inn stig á grundvelli hlutfalls hreingerningafylgihluta úr textílefni (t.d. klútar, moppuhausar) sem notaðir eru á ári og eru framleiddir úr örtrefjum, samkvæmt eftirfarandi:

- Að minnsta kosti 65%: 1 stig
- Að minnsta kosti 75%: 2 stig
- Að minnsta kosti 95%: 3 stig

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram árgögn (tegund og magn vara) og skjöl (þ.m.t. viðeigandi reikninga eða birgðaskrár staða) þar sem tilgreindir eru hreingerningafylgihlutir úr textílefni sem notaðir eru og tiltekið hverjir þeirra eru gerðir úr örtrefjum.

Viðmiðun O4 — Notkun á hreingerningafylgihlutum sem hafa lítil umhverfisáhrif (allt að 4 stig)

Undir þessa viðmiðun falla eingöngu hreingerningafylgihlutir sem eru notaðir beint við hreingerningaverkefni innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB.

O4 a) Moppur (allt að 2 stig)

Umsækjandinn vinnur sér inn stig á grundvelli hlutfalls moppa sem eru notaðar á ári og hafa hlotið umhverfismerki ESB fyrir textílefni eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum samkvæmt eftirfarandi:

- Að minnsta kosti 20%: 1 stig
- Að minnsta kosti 50%: 2 stig

O4 (b) Klútar (allt að 2 stig)

Umsækjandinn vinnur sér inn stig á grundvelli hlutfalls klúta sem eru notaðir á ári og hafa hlotið umhverfismerki ESB fyrir textílefni eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum samkvæmt eftirfarandi:

- Að minnsta kosti 20%: 1 stig
- Að minnsta kosti 50%: 2 stig

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram árgögn (tegund og magn vara) og skjöl (þ.m.t. viðeigandi reikninga eða birgðaskrár staða) þar sem tilgreindar eru ræstingavörur og fylgihlutir sem notuð eru í samningunum um hreingerningaþjónustu innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB. Ef vörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB og/eða merkimiða á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB ⁽¹⁾. Ef notaðar eru aðrar vörur með merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu um merki af gerð I og/eða afrit af merkinu á umbúðunum.

Viðmiðun O5 — Orkunýtni ryksuga (3 stig)

Undir þessa viðmiðun falla eingöngu ryksugur sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 ⁽²⁾. Vatnsryksugur, vatns- og þurrryksugur, ryksuguvélmenni, iðnaðarryksugur, miðlægar ryksugur og rafhlöðuknúnar ryksugur og bónvélar og utanhússryksugur skulu undanþegnar gildissviði þeirrar reglugerðar.

Mínst 40% ryksugna (námunnað að næstu heilu tölu) sem umsækjandinn á eða leigir og eru notaðar við veitingu hreingerningaþjónustunnar innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB skulu þegar þær eru keyptar uppfylla a.m.k. eftirfarandi orkunýtniflokka eins og mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) nr. 665/2013:

- Flokkur A fyrir ryksugur sem voru keyptar fyrir 1. september 2017,
- Flokkur A+ fyrir ryksugur sem voru keyptar eftir 1. september 2017.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram gögn sem sýna fram á samræmi við kröfur um orkuflokk (t.d. reikning fyrir kaupum á ryksugu og upplýsingablað um vöruna eins og sett er fram í III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 665/2013 ásamt tæmandi skrá yfir ryksugur sem eru notaðar við þjónustuveitingu samkvæmt umhverfismerki ESB.

Viðmiðun O6 — Skráning þjónustuaðilans í umhverfisstjórnunarkerfi ESB eða vottun samkvæmt ISO 14001 (allt að 5 stig)

Umsækjandinn skal skráður samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi Sambandsins (EMAS) (5 stig) eða vottaður samkvæmt staðlinum ISO 14001 (3 stig).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram skráningu í umhverfisstjórnunarkerfi ESB eða vottun samkvæmt ISO 14001 sem sönnun þess að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

Viðmiðun O7 — Meðhöndlun fasts úrgangs á hreingerningastöðunum (2 stig)

Þessi viðmiðun gildir eingöngu ef viðskiptavinir umsækjandans sjá til þess að ræstingafólk geti flokkað úrgang í viðeigandi strauma fyrir fastan úrgang og gildir eingöngu um þann fasta úrgang sem myndast vegna þjónustunnar við innanhússhreingerningarsamkvæmt umhverfismerki ESB (t.d. umbúðir af hreingerningavörum sem eru ekki endurnotanlegar, umbúðir af rekstrarvörum) og um fastan úrgang sem er forflokkaður (t.d. af starfsfólki eða viðskiptavinum) á hreingerningastöðum.

Ræstingafólk skal flokka fasta úrganginn sem myndast við þjónustuveitinguna og farga flokkuðum og forflokkuðum úrgangi í viðeigandi gáma innan hreingerningastaða eða nálægt þeim. Þetta skal ávallt gert ef viðskiptavinirnir sjá til þess að til séu úrræði (s.s. úrgangsgámar fyrir tiltekna úrgangsstrauma) fyrir flokkuðu úrgangsstraumana sem sendir eru til meðhöndlunar (t.d. endurvinnslu, brennslu) eða til förgunar í samræmi við staðbundnar eða landsbundnar venjur við meðhöndlun úrgangs og stöðvar fyrir meðhöndlun úrgangs og/eða viðeigandi samninga við endurvinnsluþjónustur.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram samræmisýfirlýsingu ásamt lýsingu á hinum mismunandi straumum fasts úrgangs sem staðaryfirvöld taka við og/eða viðeigandi samninga við endurvinnsluþjónustu fyrir hvern viðkomandi hreingerningastað.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB frá 5. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir textílvörur (Stjtíð. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 45).

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 frá 3. maí 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar ryksugna (Stjtíð. ESB L 192, 13.7.2013, bls. 1).

Viðmiðun O8 — Gæði þjónustunnar (allt að 3 stig)

Umsækjendur fá 2 stig ef þeir uppfylla kröfurnar sem settar eru fram hér á eftir eða 3 stig ef þeir eru vottaðir samkvæmt ISO 9001 eða Nordic INSTA 800.

Umsækjandinn skal hafa tilnefnt þjónustustjóra og komið á verklagsreglum til vöktunar, mats og endurbóta á gæðum hreingerningar, eins og lýst er hér á eftir. Þjónustustjórinn getur verið stöðvarstjórinn, verkstjóri/-stýra eða samræmingaraðili sem er tilnefndur til að skipuleggja hreingerninguna og hafa umsjón með henni.

Umsækjandinn skal koma á:

- verklagsreglum til vöktunar, mats og úrbóta á hreingerningaverkefnum sem umsækjandinn framkvæmir (nánar hér á eftir),
- ráðstöfunum til að bæta gæði hreingerningar, t.d. á grundvelli svara úr könnunum á ánægju viðskiptavina.

Auk þess skal umsækjandinn gera drög að skriflegum leiðbeiningum, undirrituðum af stjórnunarteymi umsækjandans, sem ná yfir verkefnið sem inna skal af hendi við þjónustuna. Ræstingafólk skal fá þessar skriflegu leiðbeiningar og skulu þær vera aðgengilegar á athafnasvæði umsækjandans og/eða á hreingerningastöðunum.

Þessar skriflegu starfsleiðbeiningar skulu innihalda a.m.k. eftirfarandi:

- lýsing á verkinu (t.d. hreingerning á skrifstofu, hreinlætisaðstöðu eða gluggahreinsun),
- gæði (t.d. hreinleiki sem vænst er, staðlaður gátlisti)
- tíðni (t.d. einu sinni í viku),
- hlutir sem hreinsa á (t.d. borð, stóll, vaskur),
- aðferðir sem við eiga (t.d. búnaður og aðferð sem notuð eru til að hreinsa mismunandi svæði eða mismunandi hluti).

Mat og samþrófun

Umsækjandinn skal leggja fram ISO 9001- eða INSTA 800-vottorðið eða samræmisýfirlýsingu sem er studd:

- skjali með tilgreiningu stjórnandans sem ber ábyrgð á samræminu við þessa viðmiðun (nota má skipurit til að lýsa stjórnskipulagi umsækjandans og tilgreina stjórnandann),
- fyrirtækjaskjölum sem sýna verklagsreglurnar í tengslum við gæði hreingerningar. Athugasemd: Ef þessar verklagsreglur eru í samræmi við kröfur í EN 13459 (hreingerningapjónusta, grunnkröfur og tilmæli vegna kerfa til mælingar á gæðum) og/eða svæðisbundinn staðal fyrir gæðastjórnun (t.d. INSTA800: gæði hreingerninga — mælikerfi fyrir mat og kvörðun á gæðum hreingerninga) má umsækjandinn leggja fram samræmisskírteinið,
- skriflegu starfsleiðbeiningarnar, undirritaðar af stjórnunarteymi umsækjanda, sem ná yfir verkefnið sem eru hluti þjónustuveitingarinnar.

Viðmiðun O9 — Farartækjafloki sem umsækjandi á eða leigir (allt að 5 stig)

Undir þessa viðmiðun fellur eingöngu farartækjafloki sem umsækjandinn á og/eða leigir og er notaður í verkefnum við veitingu hreingerningapjónustu samkvæmt umhverfismerki ESB. Meðal farartækjanna mega vera vöðvaknúin farartæki (flutningahjól), vöðvaknúin farartæki með rafmagnsstuðningi (rafmagnsflutningahjól), létt farþega- eða atvinnuökutæki sem eru notuð af stjórnendum, umsjónarfólki, ræstingafólki, eftirlitsaðilum og öllum öðrum aðilum sem taka á einhvern hátt þátt í veitingu hreingerningapjónustunnar.

Undirviðmiðun O9 a) nær einnig yfir tvinnökutæki en ekki yfir rafknúin ökutæki.

Undirviðmiðun O9 b) nær yfir farartæki með enga losun.

Farartæki í einkaeigu sem eru notuð við veitingu þjónustunnar falla ekki undir þessa viðmiðun.

O9 a) Ökutæki sem uppfylla evrópska losunarstaðalinn Euro 6 (1 stig)

Minnst 50% ökutækja (námunad að næstu heilu tölu) sem umsækjandinn á eða leigir og eru notuð í verkefnum við veitingu hreingerningapjónustu innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB skulu uppfylla evrópska losunarstaðalinn Euro 6 fyrir létt farþega- og atvinnuökutæki.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi skjöl sem sýna hvaða farartæki eru notuð við veitingu hreingerningaþjónustunnar, að umsækjandinn eigi eða leigi þau og tilgreina hvaða farartæki uppfylla Euro 6-staðalinn. Nota má opinbera skráningu farartækjanna til sönnunar á reglufylgni, ásamt samræmisvottorðinu.

O9 b) Farartæki með enga losun (2 stig)

Minnst 10% farartækja (námundað að næstu heilu tölu) sem umsækjandinn á eða leigir og eru notuð í verkefnum við veitingu hreingerningaþjónustu innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB skulu vera ökutæki með enga losun, eins og ákvarðað með prófunum samkvæmt nýju evrópsku aksturslotunni (NEDC), eins og lýst er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 ⁽¹⁾, vöðvaknúin farartæki (flutningahjól) eða vöðvaknúin farartæki með rafmagnsstuðningi (rafmagnsflutningahjól).

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi skjöl sem sýna hvaða farartæki eru notuð við veitingu hreingerningaþjónustunnar innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB, að umsækjandinn eigi eða leigi þau og tilgreina hvaða ökutæki uppfylla Euro 6-staðalinn. Nota má opinbera skráningu farartækjanna til sönnunar fyrir reglufylgni, ásamt skjölum frá framleiðanda sem sýna niðurstöður úr prófun samkvæmt nýju evrópsku aksturslotunni.

O9 c) Flutningsáætlun fyrirtækisins (2 stig)

Þjónustuveitandinn skal setja saman flutningsáætlun fyrir fyrirtækið til að lágmarka eldsneytisnotkun, setja markmið til að draga úr eldsneytisnotkun (á hverjum hreingerningastað) og vera með árlegar viðhaldsskýrslur fyrir farartækjaflotann.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram afrit af flutningsáætlun fyrirtækisins, nýjasta markmiðið vegna minnkunar á eldsneytisnotkun og árlega þróun í eldsneytisnotkun á grundvelli nokkurra hreingerningastaða. Umsækjandinn skal leggja fram afrit af viðhaldsáætluninni fyrir farartækjaflotann. Nota má viðhaldsskýrslur farartækja sem sönnun fyrir reglufylgni.

Viðmiðun O10 — Hagkvæmni þvottavéla sem umsækjandinn á eða leigir (allt að 4 stig)

Þessi viðmiðun gildir eingöngu um þvottavélar sem umsækjandinn á eða leigir og eru staðsettar annaðhvort á athafnasvæði umsækjandans eða á hreingerningastöðum til að þvo klúta, moppur og einkennisbúninga starfsfólks sem notuð eru við veitingu hreingerningaþjónustunnar innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB.

Undirviðmiðun O10 a) gildir eingöngu ef notaðar eru þvottavélar til heimilisnota sem falla undir framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 ⁽²⁾ sem og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 ⁽³⁾.

O10 a): Orkumerkimiði (allt að 2 stig)

Umsækjandinn vinnur sér inn stig á grundvelli hlutfalls þeirra þvottavéla til heimilisnota (námundað að næstu heilu tölu) sem eru í samræmi við flokk A++ eða A+++ fyrir orkunýtni samkvæmt orkumerkimiða ESB samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) nr. 1061/2010 sem hér segir:

- Minnst 50% véla í flokki A++: 1 stig
- Minnst 90% véla í flokki A++: 2 stig
- Minnst 50% véla í flokki A+++: 2 stig

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtuð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota (Stjtuð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 47).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1015/2010 frá 10. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun þvottavéla til heimilisnota (Stjtuð. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 21).

O10 b): Vatnsnýtni (2 stig)

Þvottavélar til heimilisnota: vatnsnotkun þvottavéla til heimilisnota sem umsækjandinn á eða leigir skal vera minni eða jöfn viðmiðunargildunum fyrir vatnsnotkun sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1015/2010. Viðmiðunargildin eru mæld samkvæmt EN 60456 með staðalþvottalotu (60 °C baðmullarkerfi).

Undirflokkur vöru	Vatnsnotkun: (lítrar/lota)
Þvottavélar til heimilisnota með 3 kg nafnaköst	39
Þvottavélar til heimilisnota með 3,5 kg nafnaköst	39
Þvottavélar til heimilisnota með 4,5 kg nafnaköst	40
Þvottavélar til heimilisnota með 5 kg nafnaköst	39
Þvottavélar til heimilisnota með 6 kg nafnaköst	37
Þvottavélar til heimilisnota með 7 kg nafnaköst	43
Þvottavélar til heimilisnota með 8 kg nafnaköst	56

OG

Þvottavélar til iðnaðarnota: vatnsnotkun þvottavéla til iðnaðarnota sem umsækjandi á eða leigir skal vera minni en eða jöfn 7 l á kg þvegens þvottar.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram ársöggn (skrá yfir allar þvottavélar til heimilisnota sem hann á og notar til að þvo klúta, moppur og einkennisbúninga starfsfólks sem eru notuð við veitingu hreingerningaþjónustunnar innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB) og gögn sem í er tilgreint í hvaða orkunýtniflokki fyrirleggjandi þvottavélar til heimilisnota eru.

Nota má upplýsingablöð um vöruna sem eru í samræmi við II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1061/2010 sem sönnun þess að þessi krafa sé uppfyllt.

Ef framangreind gögn eru ekki tiltæk má sýna fram á að viðmiðun O10 b) sé uppfyllt með því að leggja fram gögn um heildarvatnsnotkun á ári. Í því tilviki skal gera ráð fyrir 220 staðalþvottalotum á ári í heild.

Viðmiðun O11 — Þjónusta með umhverfismerki og aðrar vörur með umhverfismerki (allt að 5 stig)

Þessi viðmiðun gildir um notkun þjónustu með umhverfismerki og/eða vara sem eru skilgreindar sem þjónusta og/eða vörur sem eru ekki notaðar beint við veitingu hreingerningaþjónustu innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB en eru notaðar til stuðnings daglegri viðskiptaþjónustu umsækjandans sem varðar veitta hreingerningaþjónustu innanhúss samkvæmt umhverfismerki ESB. Þar á meðal getur verið, en takmarkast þó ekki við, þjónusta (t.d. þvottur og bílaþvottur) sem umsækjandinn útvistar til þriðja aðila. Undir þessa skilgreiningu geta einnig fallið vörur eins og þvottaefni, þvottaefni fyrir uppþvottavélar eða afritunarpappír.

O11 a) Þjónusta með umhverfismerki (allt að 2 stig)

100% þjónustutegundar er útvistað til veitanda sem hefur hlotið umhverfismerki ESB eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum fyrir þá þjónustu (1 stig fyrir hverja þjónustu, allt að 2 stig í heild)

O11 b) Vörur með umhverfismerki (allt að 3 stig)

100% vörueininga vöruflokks hafa hlotið umhverfismerki ESB eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum (0,5 stig fyrir hvern vöruflokk, allt að 3 stig í heild)

Athugasemd: Vörur með umhverfismerki s.s. klútar og moppur og rekstrarvörur sem eru látnar í té sem hluti samnings við viðskiptavinum falla utan gildissviðs þessarar viðmiðunar. Að því er varðar þessa viðmiðun er litið svo á að „vöruflokkur“ sé í skilningi viðmiðana fyrir umhverfismerki ESB eða öðrum viðmiðunum fyrir umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (t.d. „pappírsvörur“, „þvottaefni“, „textílefni“)

Mat og sannprófun

O11 a) Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi sönnun þess að útvistaða þjónustan sé vottuð með merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli ásamt viðkomandi reikningum.

O11 b) Umsækjandinn skal leggja fram gögn (m.a. viðeigandi reikninga) sem sýna hve mikið magn er notað af slíkum vörum og afrit af viðeigandi vottorðum fyrir umhverfismerki ESB eða merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli og/eða merkjum á umbúðum.

Viðmiðun O12 — Rekstrarvörur og rafmagnshandþurrkarar sem eru látin viðskiptavinum í té (allt að 3 stig)

Þessi viðmiðun gildir eingöngu ef umsækjandinn ber ábyrgð á því að láta í té rekstrarvörur sem nota skal á hreingerninga-stöðunum í a.m.k. einum samningi um hreingerningapjónustu samkvæmt umhverfismerki ESB. Eingöngu rekstrarvörur og rafmagnshandþurrkarar sem eru látin í té sem hluti þessara samninga falla undir þessa viðmiðun:

O12 a) Handsápur (1 stig)

Minnst 70% handsápa, miðað við rúmmál, af handsápum sem afhentar eru á ári skulu hafa hlotið umhverfismerki ESB fyrir snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/893/ESB ⁽¹⁾ eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum.

O12 b) Vörur úr pappír (1 stig)

Minnst 90% rekstrarvara úr pappír (hreinlætispappír eða ídrægur pappír), miðað við þyngd eða rúmmál, sem afhentar eru á ári skulu hafa hlotið umhverfismerki ESB fyrir hreinlætispappír í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/568/EB ⁽²⁾ eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum.

O12 c) Handklæðarúllur úr textílefni (1 stig)

Minnst 50% handklæðarúlla úr textílefni, miðað við fjölda rúlla sem afhentar eru á ári, skulu hafa hlotið umhverfismerki ESB fyrir textílvörur í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/350/ESB eða annað umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 fyrir textílvörur eða handklæði úr efni sem eru afhent í skömmtum sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum.

O12 d) Rafmagnshandþurrkur (1 stig)

Allir rafmagnshandþurrkarar sem umsækjandinn afhentir og viðheldur skulu vera búnir náðarnemum eða hafa hlotið umhverfismerki af gerð I samkvæmt EN ISO 14024 sem er opinberlega viðurkennt, landsbundið eða svæðisbundið, í aðildarríkjunum.

Mat og sannprófun

Fyrir hvern þjónustusamning sem er samkvæmt umhverfismerki ESB skal umsækjandinn tiltaka hvort í honum felist að rekstrarvörur séu látnar í té, ársöggn (verslunarheiti og þyngd, rúmmál eða fjölda vörueininga) og skjöl (m.a. viðeigandi reikninga eða birgðir) um rekstrarvörurnar sem afhentar eru. Ef vörur með umhverfismerki ESB eru notaðar skal umsækjandi leggja fram afrit af vottorðinu fyrir umhverfismerki ESB og/eða merkimiða á umbúðunum sem sýnir að það hafi verið veitt, eftir því sem við á, í samræmi við:

- ákvörðun 2014/893/ESB,
- ákvörðun 2009/568/EB,
- ákvörðun 2014/350/ESB.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/893/ESB frá 9. desember 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun (Stjtið. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 47).

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/568/EB frá 9. júlí 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir hreinlætispappír (Stjtið. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 87).

Ef notaðar eru aðrar vörur með merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli skal umsækjandinn leggja fram afrit af vottorðinu um merki af gerð I og/eða afrit af merkinu á umbúðunum.

Að því er varðar rafmagnshandþurrkur skal umsækjandinn leggja fram skjöl sem sýna á hvaða hátt kröfurnar eru uppfylltar (t.d. merkimiða á umbúðunum eða tæknilegar upplýsingar sem sýna fram á vottorð fyrir merki af gerð I samkvæmt ISO-staðli eða tilvist náðarnema).
